

Íþróttasvæði hestamanna á Varmárbökkum

Móttakandi: Mosfellsbær / Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi

Sendandi: Landslag ehf / Þráinn Hauksson

Efni: Blesabakki 1, fyrirspurn um stækkun

Dagsetning: 16. janúar 2017

Landslagi sem höfundum deiliskipulags fyrir athafnasvæði hestamanna á Varmárbökkum í Mosfellsbæ er falið að gefa umsögn um fyrirspurn eiganda Blesabakka 1 um heimild til stækkunar hesthúss um amk 4 metra til vesturs.

Á fyrri hluta síðasta árs var lokið við endurskoðun deiliskipulagsins í þeim tilgangi að ná utan um fjöldmargar breytingar sem gerðar höfðu verið á skipulaginu í gegnum árin og jafnvel loka fyrir frekari breytingar á deiliskipulaginu og þá sérstaklega fjölda og stærð hesthúsa.

Umsögn:

Nú vill svo til í þessu tilfalli að rými er til staðar til að lengja þetta tiltekna hesthús án þess að það þrengi að stígum og götum eða annarri starfsemi innan svæðisins. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir „taumhring“ eða gerði til þjálfunar hesta rétt suðvestan við umrætt hesthús. Gerðið hefur ekki verið byggt en kemur fram á deiliskipulaginu. Mögulegt er að stækka hesthúsið án þess að útiloka taumhringinn.

Undirritaður telur að hægt sé að koma til móts við þær óskir sem koma fram í umsókninni. Mikilvægt er þó að fá fram sjónarmið stjórnar hestamannafélagsins Harðar um erindið sem og nágretta í viðkomandi og aðliggjandi hesthúsum.



F.h. Landslags ehf
Þráinn Hauksson